

Afstaða íslenskra blaða- og fréttamanna til umdeilda vinnubragða við upplýsingaöflun

FRÍÐRIK ÞÓR GUÐMUNDSSON, sjálfstætt starfandi fræðimaður
VALGERÐUR JÓHANNSDÓTTIR dósent, Háskóla Íslands

ÚTDRÁTTUR: Í þessari grein er fjallað um viðhorf blaða- og fréttamanna á Íslandi til siðareglna fagsins og ýmissa vinnubragða við öflun upplýsinga sem að öðru jöfnu geta talist óhefðbundin og eru gjarnan umdeild, svo sem notkun falinna myndavéla, notkun trúnaðargagna í heimildarleysi og þess að villa á sér heimildir. Byggt er á gögnum úr spurningakönnun sem lögð var fyrir blaða- og fréttamenn hér á landi vorið 2021. Könnunin er hluti alþjóðlegrar samanburðarrannsóknar, Worlds of Journalism Study. Sambærileg könnun var gerð árið 2012 og eru niðurstöður kannananna tveggja bornar saman til að greina breytingar á viðhorfum íslenskra blaða- og fréttamanna.

Niðurstöðurnar sýna að notkun falinna upptökutækja og notkun trúnaðarskjala úr stjórnsýslu eða viðskiptalífi nýtur mikils og vídtæks stuðnings innan fagsins. Stuðningur við að villa á sér heimildir við upplýsingaöflun hefur aukist umtalsvert, en notkun einkagagna er umdeildari.

LYKILORÐ: Blaða- og fréttamennska – Umdeild vinnubrögð – Siðareglur – Worlds of Journalism Study

ABSTRACT: In this article we focus on the attitudes of Icelandic journalists towards various professional ethic codes and news-gathering practices that can otherwise be considered “unconventional”, and are often controversial, such as the use of hidden cameras, the use of confidential documents without authorization or concealing their journalist’s identity. We use data from a survey that was submitted to news journalists in Iceland in the spring of 2021. The survey is part of the international comparative study, Worlds of Journalism Studies. A similar survey was conducted in 2012, and the findings of these two surveys are compared to analyze changes in the attitudes of Icelandic journalists over the past decade.

The results show that the use of hidden recording devices and the use of confidential business or government documents enjoys strong and widespread support within the profession. Support for concealing one’s jour-

nalist's identity has grown significantly, but the use of private data is more controversial.

KEYWORDS: News journalism – Controversial practices – Ethical codes – Worlds of Journalism Study

Inngangur

Í þessari grein er kastljósinu beint að viðhorfum blaða- og fréttamanna til siðareglna og einkum afstöðu þeirra til vinnubragða sem kunna að vera siðferðislega vafasöm. Blaða- og fréttamennska er sem fag í stöðugri mótun og lögmæti fagsins og mörk, siðareglur og vinnubrögð eru skilgreind og orðuð í stöðugu samtali við samfélagið. Blaða- og fréttamennska sem fag hefur engan „réttan eða sannan“ kjarna, heldur er til vegna þess að – og eins og – við tölum um hana (Ramaprasad o.fl., 2019, bls. 200). Rannsóknir hafa enda bent til þess að afstaða blaða- og fréttamanna til siðareglna og vinnubragða mótist af mörgum þáttum og sé um sumt ólík frá einu landi til annars (Hollings o.fl., 2019; Hanitzsch o.fl., 2019).

Undanfarin ár hafa verið miklar sviptingar í umhverfi fjölmiðla um allan heim. Breytingarnar eiga sér ekki síst rætur í tækniþróun, en netið og stafræn tækni hafa gjörbreytt framleiðslu, dreifingu og neyslu fjölmiðlaefnis (Valgerður Jóhannsdóttir, 2021). Þetta hefur meðal annars leitt til þess að samkeppnin um athygli fólks hefur aukist mjög, auglýsingatekjur hafa færst frá hefðbundnum fjölmiðlum til stórra tæknifyrirtækja eins og Google og Facebook (Ohlsson & Facht, 2017; Hagstofa Íslands, 2022) og tekjugrunnur margra fjölmiðla beðið verulegan hnekki. Íslenskir fjölmiðlar hafa ekki farið varhluta af þessum sviptingum. Samruni, gjaldþrot, hagræðing og uppsagnir hafa verið tíðar í fjölmiðlafyrirtækjum undanfarin ár. Rannsóknir benda til að breytingarnar séu farnar að hafa áhrif á vinnubrögð blaða- og fréttamanna og efnisinnihald (Birgir Guðmundsson, 2013; Birgir Guðmundsson og Sigurður Kristinsson, 2019; Valgerður Jóhannsdóttir, 2020; Valgerður Jóhannsdóttir og Jón Gunnar Ólafsson, 2018).

Blaða- og fréttamenn nota margs konar aðferðir við öflun upplýsinga, frá hefðbundnum viðtölum til ágengari aðferða sem fela í sér einhvers konar blekkingu eða hægt er að flokka sem inngrip í einkalíf fólks. Víðast hvar setja siðareglur stéttarinnar vinnuaðferðum ákveðinn ramma og einnig kunna lög að setja blaða- og fréttamönnum ákveðnar skorður. Mýmörg dæmi má finna um gagnrýni á vinnubrögð í einstökum fréttum og umfjöllunum og stundum hafa deilur um vinnubrögð ratað fyrir dómstóla eða Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands, eins og rakið verður síðar.

Fjölmiðlar eru almennt taldir gegna mikilvægu hlutverki í lýðræðissamfélögum og geta haft áhrif á viðhorf og skoðanir almennings (Aalberg og Curran, 2012; Protess og McCombs, 2016). Rannsóknir hafa sýnt að það eru tengsl milli viðhorfa og vinnubragða (Hanusch & Hanitzsch, 2017) og því mikilvægt að skoða afstöðu blaða- og fréttamanna til óhefðbundinna og umdeilda vinnubragða við upplýsingaöflun.

Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

R1: Hver er afstaða íslenskra blaða- og fréttamanna til notkunar umdeilda vinnubragða, sem til að mynda fela í sér blekkingu eða notkun trúnaðargagna í heimildarleysi?

R2: Hefur afstaða íslenskra blaða- og fréttamanna til notkunar umdeilda vinnubragða breyst frá því það var síðast kannað 2012?

Við byrjum á að reifa rannsóknir á viðhorfum blaða- og fréttamanna til siðferðislegra álitaefta, lagaumhverfið, úrskurði dómstóla og Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands og innanhúss siða- og verklagsreglur helstu fjölmiðla. Þá verður gerð grein fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar, meginniðurstöður kynntar og þær síðan ræddar í lokakaflanum.

Blaða- og fréttamenn og siðferðileg álitaeefni

Blaða- og fréttamenn þurfa í starfi sínu á hverjum degi að taka stórar og smáar ákvarðanir sem geta varðað siðferðileg álitamál; á að birta upplýsingar sem ekki hafa verið staðfestar; á að nota persónuupplýsingar af samfélagsmiðlum eða er réttlæt看legt að nota falin upptökutæki (Ramaprasad o.fl. 2019)? Viðhorf til þess hvaða aðferðum er talið réttlæt看legt að beita mótast af umhverfi fjölmiðla, lögum og siðareglum fagsins, vinnustaðnum og persónulegum gildum blaða- og fréttamanna (Fidalgo o.fl., 2022; Hanitzsch o.fl., 2019).

Aðferðir blaða- og fréttamanna við upplýsingaöflun af því tagi sem hér er rætt um geta, að öðru jöfnu, talist á gráu svæði siðferðilega og jafnvel brot á lögum eða siðareglum. Þau eru í fræðunum ýmist nefnd óhefðbundin vinnubrögð (Day 2006) eða umdeild vinnubrögð (Hanitzsch o.fl., 2019). Í þessari grein er notast við hugtakið umdeild vinnubrögð, þar sem það er notað í rannsóknum og skrifum Worlds of Journalism Study (Hanitzsch o.fl., 2019). Um er að ræða aðferðir við upplýsingaöflun af ýmsum toga, en þær má gróflega flokka í þrennt. Í fyrsta lagi *blekkingar*, eins og að villa á sér heimildir eða nota falin upptökutæki. Í öðru lagi *fríðhelgisinngríp* á borð við að nota trúnaðargögn úr viðskiptum eða stjórnsýslu, eða persónuleg gögn fólks án heimildar. Þriðji flokkurinn er sundurleitari en undir hann fellur til að mynda að borga fyrir trúnaðarupplýsingar, að birta fréttir með óstaðfestum upplýsingum, og að þiggja peninga frá heimildarmönnum.

Day (2006) bendir á að flestir fjölmiðlar hafi einhvern tíma staðið frammi fyrir því að hugsanlega sé ekki hægt að nálgast upplýsingar án þess að beita blekkingum. Sumir telji slíkt fullkomna óhæfu. Það sé beinlínis tilgangur fréttamennsku að segja sannleikann, og sannleikans megi ekki afla með blekkingum. Day nefnir þrjú skilyrði fyrir því að réttlæt看legt sé að blaða- og fréttamenn beiti blekkingum. Í fyrsta lagi verði upplýsingarnar að vera nógu mikilvægar til að réttlæta það. Í öðru lagi „sé alls engin önnur leið til nálgast upplýsingar; og að síðustu, að blaðamaður upplýsi fólk um hvenær blekkingum hefur verið beitt, hvers vegna og hvað réttlæti að til þessara ráða hafi verið gripið“ (2006, bls. 93). Day nefnir einnig að rök fyrir blekkingunni þurfa að vega þyngra en rökin fyrir því að segja ekki sannleikann og varar við því að fjölmiðlar geti að öðrum kosti misst trúverðugleika sinn og traust lesenda.

Ramaprasad og félagar (2019) báru saman afstöðu blaða- og fréttamanna í þátttökulöndunum í síðustu rannsóknarlotu WJS 2012-2016, til siðferðilegra álitamála og umdeildra vinnubragða og flokkuðu í reglufestusinna („idealista“) og sveigjanleikasinna („relatífista“) (sjá einnig Friðrik Þór Guðmundsson, 2014). Reglufestusinnar teljast þeir sem segja að virða beri siðferðilegar grundvallarreglur í hvívetna, óháð kringumstæðum, jafnvel þótt það þýði að upplýsingar fái ekki. Sveigjanleikasinnar teljast hins vegar þeir sem horfa fyrst og fremst á markmiðin og telja frávik frá siðferðilegum grundvallarreglum réttlæt看leg undir vissum kringumstæðum. Niðurstöðurnar bentu til þess að á heildina litið teldi öruggur meirihluti blaða- og fréttamanna í þátttökulöndunum 67 að fylgja ætti siðareglum, burtséð frá einstökum kringumstæðum eða samhengi. Talsverður munur var hins vegar milli landa. Í vestrænum lýðræðisríkjum (til að mynda Austurríki, Þýskalandi og Bandaríkjunum), þar sem tjáningarfrelsi er sterkt og sömuleiðis upplýsingaréttur almennings og fjölmiðla, mældist hlýðni við siðareglur mest. Í ríkjum á borð við Kína, Egyptaland, Rússland og Tyrkland, þar sem fjölmiðlafrelsi er takmarkaðra og afskipti af störfum fjölmiðla algengari, voru blaða- og fréttamenn hins vegar opnari fyrir því að siðareglur gætu þurft að víkja krefjist kringumstæður þess vegna almannahagsmuna. Stuðningur við tiltekin umdeild vinnubrögð, á borð við notkun falinna upptökutækja, mældist hins vegar einnig mestur í vestrænum lýðræðisríkjum og það tengist almennri viðurkenningu á aðhaldshlutverki fjölmiðla og ríkri hefð fyrir rannsóknarblaðamennsku í þessum ríkjum (Ramaprasad o.fl., 2019). Meirihluti íslenskra blaða- og fréttamanna reyndist í könnun 2012 reglufestusinnaður gagnvart siðareglum en á sama tíma kom einnig fram talsverður stuðningur við þá hugsun að almannahagsmunir geti undir einhverjum kringumstæðum vegið þyngra en sársauki eða tjón einstaklinga. Um fjórðungur íslenskra blaða- og fréttamanna reyndist árið 2012 hafa þá sveigjanleikasinnuðu afstöðu að kringumstæður geti vikið siðareglum til hliðar (Friðrik Þór Guðmundsson, 2014).

Afstaðan til siðamála og til notkunar umdeilda vinnubragða reynist þannig nátengd samfélagslegum aðstæðum, fjölmiðlafrelsi, virkni lýðræðis og ríkjandi menningarlegum gildum (Ramaprasad o.fl., 2019, bls. 221).

Umdeildum vinnubrögðum getur fylgt talsverð áhætta, til að mynda á málshöfðunum eins og dæmin sanna en einnig fyrir starfsferil, og jafnvel líf og heilsu viðkomandi blaða- og fréttamanna. Rannsókn sem gerð var meðal blaða- og fréttamanna á Nýja-Sjálandi (Hollings o.fl. 2019) sýndi að það eru ýmsir þættir sem geta haft áhrif á vilja blaða- og fréttamanna til að taka slíka áhættu. Þannig virðast konur yfirleitt tregari til þess að beita umdeildum vinnubrögðum en karlar. Einnig voru reyndari blaða- og fréttamenn síður líklegir til þess, en félagar þeirra með styttri starfsreynslu. Þá voru þeir sem vinna hjá stórum fjölmiðlum líklegri til þess að telja réttlætanlegt að beita umdeildum vinnubrögðum en blaða- og fréttamenn á minni fjölmiðlum, enda búa þeir fyrrnefndu yfirleitt yfir fleiri björgum. Rannsóknir Birgis Guðmundssonar (2012) benda einnig til þess að landsbyggðarmiðlar séu líklegri en stórir fjölmiðlar á landsvísi til að líta á það sem hlutverk sitt að spegla og styðja við samfélag sitt, fremur en að veita valdhöfum aðhald og ástunda rannsóknarblaðamennsku. Rannsóknarblaðamennska er líka gjarnan frekar stunduð á stærri og fjársterkari fjölmiðlum en þeim minni, enda kostar hún tíma og peninga (Hollings o.fl. 2019). Samkvæmt rannsókn sem gerð var 2021 eru íslenskir blaða- og fréttamenn almennt sammála um að rannsóknarblaðamennska sé fyrst og fremst á færi RÚV, þótt miðlar eins og Stundin og Kjarninn væru einnig nefndir (Valgerður Jóhannsdóttir, Jón Gunnar Ólafsson og Friðrik Þór Guðmundsson, 2021). Stærri fjölmiðlar eru einnig líklegri til að vera með lögfræðinga á sínum snærum. Dómsmálum gegn fjölmiðlum hefur fjölgað undanfarin ár og Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, þáverandi ritstjóri Stundarinnar, hefur sagt þau orðin þungan bagga fyrir litla fjölmiðla (Sunna Ósk Logadóttir, 2018).

Íslensk löggjöf um umdeild vinnubrögð blaða- og fréttamanna

Í fjölmiðlalögum (Lög um fjölmiðla, 38/2011, 26. gr., 1. mgr.) segir að fjölmiðlum beri í starfi sínu að halda í heiðri „lýðræðislegar grundvallarreglur, standa vörð um tjáningarfrelsi og virða mannréttindi „og einnig friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars“. Engin ákvæði fjölmiðlalaga lúta sérstaklega að vinnubrögðum blaða- og fréttamanna við upplýsingaöflun.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjarskiptastofu fellur notkun falinna upptökutækja af hálfu fjölmiðla ekki undir gildissvið fjarskiptalaga og því kæmu slík mál alla jafna ekki til skoðunar hjá Fjarskiptastofu (Arnar Stefánsson, munnleg heimild, 21. nóvember 2022). Í fjarskiptalögum er ákvæði um skyldu til að láta viðmælenda vita fyrir fram af hljóðritun símatala (Lög um fjarskipti, nr. 70, 2022, 91. gr., 1. mgr.), en frá því er þó undantekning þar sem ekki þarf að tilkynna sérstaklega um upptöku „þegar ótvírætt má ætla að viðmælenda sé kunnugt um hljóðritunina“. Fjölmiðlar hafa um árabil talið að blaða- og fréttamenn þurfi ekki að tilkynna fyrir fram um hljóðritun símtals. Það sé hluti af vönduðum faglegum vinnubrögðum og ekki síst í þágu viðmælenda að rétt sé eftir þeim haft. Day veltir hins vegar fyrir sér að þar sem upptökur auðveldi blaðamönnum vinnuna, sé ef til vill betra að greina viðmælendum frá því að samtalið sé tekið upp (2006, bls. 149-150).

Í álit Persónuverndar (2020, kafli 11.4) um persónuvernd og tjáningarfrelsi fjölmiðla er lögð áhersla á að persónuverndarlög nái að takmörkuðu leyti til vinnslu fjölmiðla á persónuupplýsingum. Bent er á að þótt tjáningarfrelsi fjölmiðla njóti „sérstaklega ríkrar verndar vegna þess hve mikilvægu hlutverki þeir gegna í lýðræðisþjóðfélagi“ þurfi fjölmiðlar og aðrir sem sinna fréttamennsku „við störf sín að hlíta almennum lögum og siðareglum sem um þá gilda“. Sé því nauðsynlegt að þeir gæti „ýrtruðu varúðar í aðstæðum sem kynnu að leiða til lögbrots af einhverju tagi“. Þannig geti blaðamaður sem gerist sekur um refsiverða háttsemi við öflun upplýsinga til notkunar í frétt ekki búist við því að sæta ekki ákæru fyrir þá háttsemi. Persónuvernd telur að almennt ætti ekki að birta persónuupplýsingar um einstaklinga í frétt án samþykkis viðkomandi, nema almannahagsmunir vegi þyngra en hagsmunir hlutadeigandi. Þá skuli sýna sérstaka varfærni ef um er að ræða viðkvæmar

persónuupplýsingar, til dæmis um heilsufar, vímuefnanotkun og kynhegðan. Birting slíkra upplýsinga um opinberar persónur, til dæmis stjórnáamenn, geti hins vegar í ákveðnum tilvikum átt erindi við almenning, svo sem ef þær hafa áhrif á getu viðkomandi til að sinna starfi sínu sem skyldi. Persónuvernd (2020, kafli 11.4.2) leggur í álitinu fram það sem kalla má skilgreiningu á hugtakinu „opinber persóna“, sem rétt er að tilgreina hér:

Opinberar persónur, eða almannapersónur, geta meðal annars verið stjórnáamenn, embættismenn, þekktir einstaklingar úr viðskiptalífínu, listamenn, fjölmiðlamenn og fleiri sem hafa verið áberandi og í sviðsljósinu. Einstaklingur getur talist opinber persóna stöðu sinnar vegna en einnig ef hann hefur sjálfur stigið fram á vettvang opinberrar umræðu af einhverjum sökum. [...] Viðkomandi þarf því ekki endilega að teljast alþekktur í samfélaginu til þess að geta talist opinber persóna í þessu samhengi. Almenn er viðurkennt að opinberar persónur verði að sæta umfjöllun umfram almenna borgara og njóti takmarkaðri einkalífsverndar að því leyti.

Persónuvernd áréttar að fjölmiðlar verði ávallt að veða og meta gildi upplýsinganna fyrir almenning. Vinnsla persónuupplýsinga á vegum fjölmiðla í þágu fréttamennsku falli „að miklu leyti utan valdsviðs Persónuverndar“ og það falli í hlut dómstóla „að meta hvort fjölmiðlar hafi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns eða gerst brotlegir við ákvæði“ persónuverndarlaga (Persónuvernd, 2020, kafli 11.4.2).

Afstaða dómstóla til umdeilda vinnubragða

Almennt hafa dómstólar vestrænna ríkja veitt fjölmiðlum rúma heimild til umfjöllunar um einkamál manna, ekki síst opinberra persóna. Í íslenskum lögum er ekki beinlínis að finna viðurkenningu á rýmkuðu tjáningarfrelsi fjölmiðla, en þess sér hins vegar oft stað í dómaframkvæmd.

Nokkrir stefnumarkandi dómur hafa fallið á Íslandi á undanförunum árum, þar sem reynt hefur á umdeild vinnubrögð. Árið 2009 sýknaði Héraðsdómur Reykjavíkur ritstjóra fréttaskýringarþáttarins Kompáss og 365 miðla af umfjöllun um handrúkkara, þar sem falin upptökutæki voru notuð (Benjamín Þór Þorgrímsson g. Jóhannesi Kristjání Kristjánssyni, Kristni Hrafnssyni og 365 miðlum, 2009). Í dómnum segir meðal annars að almennt sé viðurkennt að hlutverk fjölmiðla sé að gagnrýna það sem miður fari í samfélaginu og veita þannig stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum virkt aðhald. Upptakan og birting hennar hafi verið raunsönn lýsing á samfélagsmeini og umfjöllunin liður í almennri umræðu, málefnaleg og byggð á staðreyndum. 365 miðlar og vikuritið Hér og Nú voru hins vegar sakfelld í Hæstarétti (Garðar Örn Úlfarsson g. Ásbirni K. Morthens, 2006) fyrir myndatöku „úr launsátri“ af tónlistarmanninum Bubba Morthens í bíl sínum. Í dómnum segir að við þær aðstæður hafi hann með réttu mátt vænta þess að friðhelgi sín væri virt. Þegar metnar séu þær skorður sem friðhelgi einkalífs setti tjáningarfrelsinu skipti grundvallarmáli hvort hið birta efni, myndir eða texti, gæti talist þáttur í almennri þjóðfélagsumræðu og ætti þannig erindi til almennings. Taldi Hæstiréttur að myndirnar af Bubba tengdust slíkri umræðu ekki á nokkurn hátt.

Ekki hefur reynt á það fyrir dómi hér á landi hvort réttlæt看legt sé fyrir blaða- og fréttamenn að villa á sér heimildir til þess að afla upplýsinga. Lögreglan í Reykjavík rannsakaði eitt mál af þeim toga 2006-2007, en rannsóknin var síðan felld niður og staðfesti ríkissaksóknari þá ákvörðun 2008. Það var þegar blaðamaður tímaritsins Ísafoldar villti á sér heimildir er hún réðst til starfa á Elliheimilinu Grund og skrifaði síðan gagnrýnar greinar um aðbúnað aldraðra á Grund. Grund kærði blaðamanninn fyrir „húsbrot“, en yfirvöldin töldu málið ekki líklegt til sakfellingar (Erla Hlynsdóttir, 2008).

Nokkur mál sem varða notkun trúnaðarskjala og einkagagna í fréttum hafa ratað fyrir dómstóla. Fyrst skal nefna mál sem Jónína Benediktsdóttir höfðaði gegn 365 prentmiðlum og ritstjóra Fréttablaðsins, fyrir fréttaskrif um fjárhagsmálefni hennar, en þau byggðu á gögnum sem hún taldi hafa

verið fengin úr tölvupósthólfi sínu. Niðurstaða Hæstaréttar var að þó að skrifin hafi vissulega lotið að einkamálum í skilningi almennra hegningarlaga, hafi þau átt erindi til almennings og varðað mál sem miklar deilur höfðu staðið um í þjóðfélaginu (Jónína Benediktsdóttir g. 365-prentmiðlum ehf. og Kára Jónassyni, 2005). Fjárhagsmálefni Jónínu hafi verið svo samfléttuð fréttafninu í heild að ekki hafi verið hægt að greina þar á milli. Rétturinn taldi því að ekki hefði verið gengið nær einkalífi Jónínu en óhjákvæmilegt hefði verið í opinberri umræðu um málefni sem varðaði almennig. Einnig var höfðað mál gegn þáverandi ritstjórum DV, en blaðið hafði líkt og Fréttablaðið nýtt tölvupóstsamskipti Jónínu til fréttaskrifa. DV var sýknað fyrir birtingu fréttu um fjárhagsmálefni, sem töldust hafa átt erindi við almennig, en sakfellt fyrir þann hluta umfjöllunarinnar sem varðaði persónulegri mál. Í dómnum sagði að í ljósi þeirrar ríku verndar sem stjórnarskráin veitti einkalífi manna yrði ekki séð hvaða erindi upplýsingar um önnur og persónuleg samskipti hafi átt til almennings enda hafi DV í fréttaflutningi sínum ekki leitast við að „skýra gildi þeirra fyrir málefnið, sem til umræðu var í þjóðfélaginu“ (Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason gegn A, 2007).

Í þessum dómsmálum reyndi ekki á það hvort blaða- og fréttamönnum væri heimilt að nýta trúnaðarskjöl eða gögn sem aflað hefði verið án samþykkis viðkomandi. Í stefnunni gegn Fréttablaðinu var ritstjórinn sakaður um að hafa brotið gegn 228. grein almennra hegningarlaga „með því að verða sér úti um aðgang að einkagögnum áfrýjanda, sem geymd hafi verið í tölvutæku formi, með brögðum eða annarri áþekkri, ólögumætri aðferð, og hnýsast í gögnin“ (Jónína Benediktsdóttir g. 365 prentmiðlum ehf. og Kára Jónassyni, 2005). Í dómi Hæstaréttar segir að lagaákvæðið sem vísað sé til eigi ekki við um verknaðarlýsinguna í héraðsdómsstefnunni og komi því ekki til álita. Réttmæti þess að nota trúnaðargögn án heimildar var hins vegar til umfjöllunar í máli þrotabús Glitnis banka 2017. Þrotabúið fékk lögban á umfjöllun Stundarinnar um viðskipti Bjarna Benediktssonar, þáverandi forsætisráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins og fjölskyldu hans. Umfjöllunin byggði á gögnum sem þrotabúið taldi stolin. Það stefndi Stundinni fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur og krafðist þess að lögbaninu yrði staðfest og að miðlinum yrði gert að afhenda öll gögn úr Glitni banka og afrit af þeim. Héraðsdómur sýknaði Stundina af öllum kröfum hins fallna banka (Glitnir HoldCo ehf. g. Útgáfufélaginu Stundinni og Reykjavík Media, 2017). Í dómsorði segir að ekki verði litið fram hjá því að umfjöllunin hafi í öllum aðalatriðum verið um viðskiptaleg umsvif þáverandi forsætisráðherra og stjórnmalámennt geti almennt ekki vænst þess að njóta sömu verndar og aðrir gagnvart opinberri umfjöllun. Þvert á móti eigi almennigur rétt á því við ákveðnar aðstæður að fá upplýsingar um stjórnmalámennt, sem að öllu jöfnu myndu teljast til einkamálefna. Niðurstaða dómsins var að Stundin hefði „ekki gengið nær einkalífi þeirra einstaklinga sem um ræði en óhjákvæmilegt hafi verið í opinberri umræðu í lýðræðissamfélagi um málefni sem varðar almennig og að nægar ástæður hafi þar af leiðandi verið fyrir hendi sem réttlættu birtingu þessara skrifa“. Taldi dómurinn engu breyta hvernig umrædd gögn komust í hendur Stundarinnar né heldur að í þeim væru upplýsingar sem væru lögum samkvæmt undirorpnar bankaleynd. Dómi héraðsdóms var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Þá má nefna að Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu samþykkti í ágúst 2009 lögban á fréttaflutning Ríkisútvarpsins af lánabók Kaupþings. Skilanefnd bankans hætti hins vegar við að höfða mál til staðfestingar lögbaninu og kom það því aldrei til kasta dómstóla (Kaupþing fellur frá lögbanaskröfu, 2009).

Siðareglur blaða- og fréttamanna og umdeild vinnubrögð

Siðareglur blaða- og fréttamanna almennt eru misítarlegar og afar misjafnt að hvaða marki er sérstaklega fjallað um umdeild vinnubrögð, eins og þau eru skilgreind hér (sjá t.d. Fidalgo, 2022). Í siðareglum Alþjóðasambands blaðamanna (International Federation of Journalists, e.d.) er kveðið á um að blaða- og fréttamenn eigi aðeins að nota sanngjarnar aðferðir og forðast að nota falinn upptökubúnað, nema í þeim tilfellum þar sem ógerningur er að afla upplýsinga, sem séu gríðar-

lega mikilvægar fyrir almannaheill, með öðrum leiðum. Blaða- og fréttamenn mega ekki nýta sér tjáningarfrelsið í þágu óskyldra hagsmuna og forðast að taka við óeðlilegum ávinningi eða hagnast persónulega fyrir að dreifa eða dreifa ekki tilteknum upplýsingum.

Siðareglum Blaðamannafélags Íslands var breytt á aðalfundi í mars 2023, en fyrri reglur höfðu gilt frá 1991. Í báðum tilfellum eru reglurnar stuttar og almennt orðaðar (Blaðamannafélag Íslands, e.d.) og ekki tekið með beinum hætti á umdeildum vinnubrögðum. Í þeim eldri sagði í 3. grein að blaðamenn skuli vanda upplýsingaöflun, úrvinnslu og framsetningu eins og hægt er og sá andi heldur sér í nýju siðareglunum og hnykkst á því að frumskylda blaðamanna sé gagnvart almenningi (inngangur); að blaðamenn veiti nauðsynlegt aðhald í lýðræðisþjóðfélagi (1. grein) og að allar upplýsingar sem varða almannahagsmuni eigi að vera aðgengilegar og að blaðamenn eigi fullan rétt á að afla þeirra (4. grein) (Blaðamannafélag Íslands, e.d.).

Líkt og í reglum Alþjóðasambandsins er í nýjum og eldri siðareglum BÍ lagt bann við að þiggja mútur eða hafa í hótunum vegna birtingar efnis, áréttað að varast beri að lenda í hagsmunaaðgreiningu og gæta þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni og auglýsingum. Svipuð ákvæði er að finna í starfsreglum einstakra fjölmiðla og í ritstjórnarreglum Árvakurs er einnig sérstaklega kveðið á um ekki megi greiða fyrir viðtöl og upplýsingar (Viðmiðunarreglur um starfshætti ritstjórnar Morgunblaðsins, 2015). Í ritstjórnarreglum Torgs, sem rak Fréttablaðið, DV og Hringbraut, var kveðið á um skýran aðskilnað ritstjórnarefnis og auglýsinga, að ritstjórn skuli aldrei notfæra sér í eigin þágu upplýsingar eða aðstæður sem skapast vegna fréttáöflunar og um hagsmunaaðreksstra, en að öðru leyti ekki komið inn á einstök umdeild vinnubrögð (Ritstjórnarreglur Torgs, 2020). Torg var tekið til gjaldþrotaskipta í apríl 2023 og útgáfu Fréttablaðsins hætt, en starfsemi DV og vefsins Hringbraut.is heldur áfram undir nýrri fjölmiðlaveitu, Fjölmiðlatorsinu ehf. Þar munu sömu ritstjórnarreglur gilda og hjá Torgi (Jón Þórisson, fyrirsvarsmáður Fjölmiðlators, munnleg heimild, 18. apríl 2023).

Hjá nokkrum fjölmiðlum er fjallað um blekkingar og friðhelgisinngríp. Í reglum Árvakurs eru blaða- og fréttamenn fortakslaust skyldaðir til að kynna sig sem slíka í fréttáöflun, en í starfsreglum RÚV og Sýnar er gerð undantekning ef aðstæður kalla á annað, og þá í samráði við ritstjóra eða fréttastjóra (Ritstjórnarstefna fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, e.d.; Vinnureglur um fréttir og dagskrárefni tengt þeim í Ríkisútvarpinu, e.d.). Blaðamenn Árvakurs skulu ekki villa á sér heimildir til að nálgast upplýsingar og í reglum RÚV segir að ekki megi fá fólk í viðtöl eða til að gefa upplýsingar á fölskum forsendum, „nema að vel athuguðu máli og í samráði við fréttastjóra eða dagskrárstjóra, eftir atvikum“ (Vinnureglur um fréttir og dagskrárefni tengt þeim í Ríkisútvarpinu, e.d.). Einnig að ætíð skuli viðmælanda fyrir fram gerð grein fyrir því ef símtal er tekið upp, en fréttastjóri getur veitt undanþágu frá þessu.

Í starfsreglum Árvakurs er vísað í friðhelgisákvæði hegningarlaga, en tekið fram að enginn vafi leiki á að meira sé talið heimilt „þegar hinar svokölluðu „opinberu persónur“ eiga hlut að máli“ en aðrir. „Annars verður varla meira um þetta sagt, en að taka verði hvert tilvik til athugunar hverju sinni og ber þá starfsmönnum blaðsins að hafa að leiðarljósi þau meginviðhorf, að upplýsa, fræða og skemmta, án þess að óhæfilega sé gengið nærri hagsmunum einstaklinga“ (Viðmiðunarreglur um starfshætti ritstjórnar Morgunblaðsins, 2015). Aðrir miðlar nefna friðhelgi einkalífs ekki sérstaklega. Starfsreglur Sýnar taka á lekum á trúnaðarskjöllum, en þar segir „þegar fréttastofu berast trúnaðargögn, til dæmis úr stórum upplýsingalekum, er það mat ritstjóra hverju sinni hvort þær upplýsingar sem þar er að finna eigi erindi við almenning“ (Ritstjórnarstefna fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, e.d.).

Umdeild vinnubrögð hafa af og til ratað fyrir Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands. Sem fyrr segir var siðareglum BÍ breytt nýverið og ekki hefur reynt á þær í úrskurðum Siðanefndar en eftirtaldir úrskurðir lýsa afstöðu nefndarinnar fram til þessa. Fyrsta dæmið er frá árinu 1976, þegar Gylfi Þ. Gíslason ráðherra óskaði álits á því hvort það samræmdest siðareglum að Svavar Gestsson ritstjóri Þjóðviljans hefði tekið símaviðtal við hann upp á segulband án hans vitneskju og birt ummæli orð-

rétt. Einnig að Svavar hefði í viðtalinu leynt hann vitneskju um tiltekna málavöxtu, sem miklu máli skipti og hefði leitt til annarra svara. Siðanefndin komst að þeirri niðurstöðu að notkun segulbanda í faginu væri „svo algeng orðin og almennt á vitorði stjórnmalamanna ... að þeim geti ekki komið á óvart þó að segulbandstæki séu notuð í samtali við þá“ og væri ekki um siðareglubrot að ræða. Kærði var hins vegar talinn brotlegur vegna seinna atriðisins (Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands, 1976).

Skýrt dæmi um afstöðu Siðanefndar til notkunar falinna upptökutækja er að finna í úrskurði nefndarinnar frá árinu 2003, í kærumáli gegn Stöð 2. Kærð var upptaka og birting dagskrárefnis í þættinum Ísland í bítið, annars vegar um starfsemi erótískrar nuddkonu og hins vegar um starfsemi vændiskonu. Kærendur sögðu upptökurnar gerðar í algjöru leyfisleysi og án sinnar vitundar. Siðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að slíkt hefði að öðru jöfnu falið í sér brot á siðareglunum. „Á hinn bóginn ber að líta til þess að um er að ræða starfsemi sem erfitt er að afla upplýsinga um en óhjákvæmilega kallar á umfjöllun fjölmiðla, starfsemi þar sem ólíklegt var að hefðbundin vinnubrögð fréttamanns hefðu skilað fullnægjandi árangri“ (Siðanefnd, 2003). Stöð 2 var því sýknuð. Þá er rétt að telja hér upp úrskurð Siðanefndar (2020) í máli þar sem DV var kært fyrir meðal annars að taka myndir „úr launsátri“ af nafngreindum fanga í vistunarúrræði á Vernd. Siðanefnd taldi þá myndatöku vera brotlega. „Þegar umræddar myndir voru teknar af NN var hann ekki á almannafæri heldur í rými þar sem gera má ráð fyrir að hann hafi mátt telja sig njóta friðhelgi einkalífs og hann varð væntanlega ekki var við ljósmyndarann. Málsatvik benda ekki til þess að nokkur þörf hafi verið á því að leyna myndatöku.“

Þetta er að séð verður einu kærumálin fyrir Siðanefnd þar sem notkun falinna upptökutækja var sérstaklega kærð. Í minnst tveimur öðrum tilvikum komu faldar upptökur við sögu, en án þess að þau vinnubrögð hafi verið kærð sérstaklega. Fréttaskýringarþátturinn Kastljós á RÚV (Siðanefnd, 2016) var kærður vegna umfjöllunar um mann, sem seldi fólki meðferð og tæki sem sögð voru gagnleg við meðferð eða lækningu á tilgreindum sjúkdómum. Siðanefnd gerði engar athugasemdir við vinnubrögðin. Í kærumáli gegn DV árið 2017 var notkun falinnar myndavélar heldur ekki kærð sérstaklega, heldur úrvinnsla og framsetning (Siðanefnd, 2018). Þar hafði DV fjallað um ónafngreindan leigusala sem bauð íbúð til leigu gegn því að hann fengi kynlífsþjónustu af hálfu leigjandans. Til að afla upplýsinga notaði blaðamaður DV falda myndavél við að spyrja leigusalann út í málið, en hann var ekki þekkjanlegur á upptökunni. Kærandinn vildi fá upptökurnar afhentar, sem Siðanefnd féllst ekki á og var engin athugasemd gerð við vinnubrögð DV í málinu.

Siðanefnd hefur einu sinni úrskurðað um annars konar blekkingu. Blaðamenn og ritstjóri NT voru sýknaðir árið 1985 fyrir að villa á sér heimildir með því að þykjast vera læknar, hringja í apótek í Reykjavík og búa til lyfseðla. Vonum frammar gekk að fá lyfin og vildu hinir kærðu með þessu „benda á brotalamir í íslenska heilbrigðiskerfinu“ (Siðanefnd, 1985; Siðareglunefndin sýknar blaðamenn, 1985). Greiðlega gekk að sækja lyfin í apótekin, en þeim var síðan komið til embættis landlæknis. Embættið kærði málið til ríkissaksóknara, sem fól Rannsóknarlögreglu ríkisins að kanna málavexti, en niðurstaðan var að málið væri ekki líklegt til sakfellingar. Ríkissaksóknari ákvað hins vegar að vísa málinu (kæra) til Siðanefndar BÍ og þar sýknaði meirihlutinn hina kærðu. Einn nefndarmanna, Hrafn Bragason borgardómari, skilaði hins vegar séráliti og taldi að þrátt fyrir yfirlýstan góðan tilgang væri um siðareglubrot að ræða.

Þessu til viðbótar má geta þess að umfjallanir sem byggja að stórum hluta á umdeildum vinnubrögðum hafa verið verðlaunaðar á vettvangi Blaðamannafélagsins. Má þar nefna umfjallanir fréttaskýringarþáttarins Kompáss á Stöð 2 um barnaníðing, þar sem notuð var falin myndavél og tálbeita. Umfjöllunin hlaut verðlaun 2006 fyrir rannsóknarblaðamennsku og sérstaklega tekið fram af hálfu verðlaunaneftdar að um væri að ræða aðferðir sem „krefjast vandvirkni, hugmyndaauðgi, ritstjórnarlegs aga og síðast en ekki síst hugrekkis“ og að það einstigi hafi tekist „að þræða í þessum mikilvægu þáttum“ (Blaðamaðurinn, 2007). Einnig fékk Jóhannes Kr. Kristjánsson blaðamannaverðlaun

félagsins 2016 fyrir umfjöllun sína um Panamaskjölin svokölluðu, en þau voru sem kunnugt er afrakstur leka á trúnaðarskjölum úr skattaskjólum (Ráðhúsið: Blaðamannaverðlaunin afhent, 2017).

Fjölmíðlar eru almennt taldir gegna mikilvægu hlutverki í lýðræðissamfélögum og mikilvægt að kanna afstöðu og viðhorf blaða- og fréttamanna til siðareglna og vinnubragða. Viðhorf til þess hvaða aðferðum þeir telja réttlæt看legt að beita mótast af mörgum þáttum, þar á meðal umhverfi fjölmíðla, lögum og siðareglum (Fidalgo o.fl., 2022; Hanitzsch o.fl., 2019). Íslensk lög og siðareglur Blaðamannafélags Íslands eru fáorð um aðferðir við upplýsingaöflun, en mörg dæmi er að finna hjá dómstólum og Siðanefnd BÍ um að ef upplýsingarnar varði almenning geti verið réttlæt看legt að beita aðferðum sem að öðru jöfnu myndu teljast vafasamar og jafnvel lögbrot. Miklar sviptingar hafa verið á fjölmíðlamarkaði um allan heim undanfarinn áratug og vísbendingar um að breytingarnar séu farnar að hafa áhrif á vinnubrögð blaða- og fréttamanna (Birgir Guðmundsson og Sigurður Kristinnsson, 2019; Valgerður Jóhannsdóttir og Jón Gunnar Ólafsson, 2018). Hér á eftir verður greint frá niðurstöðum nýrrar könnunar á afstöðu íslenskra blaða- og fréttamanna til svokallaðra umdeilda vinnubragða.

Aðferðafræði

Rannsókn þessi er hluti af alþjóðlegri samanburðarrannsókn, Worlds of Journalism Study (WJS). Hún felst í spurningakönnun sem lögð er fyrir blaða- og fréttamenn í yfir 120 löndum og er markmiðið að kortleggja starfsaðstæður þeirra, viðhorf og vinnulag, og hvaða þættir í innra og ytra umhverfi þeirra hafa áhrif á störf þeirra (Worlds of Journalism, e.d.). Sami spurningalistinn er lagður fyrir í öllum þátttökulöndunum. Hann var þýddur yfir á íslensku af reyndum þýðanda og síðan ræddur og yfirfarinn af íslenska rannsóknarteyminu og starfsmanni Félagsvísindastofnunar, sem annaðist framkvæmd könnunarinnar.

Könnunin var lögð fyrir alla starfandi blaða- og fréttamenn hér á landi vorið 2021, 442 talsins, og var svarhlutfallið 50,5 prósent. Upplýsinga um þýðið var aflað úr félagatali Blaðamannafélags Íslands og Félags fréttamanna, af heimasíðum fréttamiðlanna og bornar undir rit- og fréttastjóra. Samsetning þátttakenda í könnuninni speglar þýðið vel í samanburði við launakönnun Blaðamannafélags Íslands 2018 og tölur Hagstofunnar um kynjaskiptingu í faginu (Birgir Guðmundsson, 2018, Hagstofa Íslands, e.d.).

WJS-könnunin er viðamikil og nær til margra þátta í starfi blaða- og fréttamanna en þessi grein einskorðast við svör um afstöðu þeirra til svokallaðra umdeilda vinnubragða við upplýsingaöflun. Þetta er í annað sinn sem Ísland tekur þátt í WJS-rannsókninni og eru borin saman viðhorf blaða- og fréttamanna í könnun sem gerð var 2012 (svarhlutfall 53,5%) (Lauerer og Hanitzsch, T., 2019) við könnunina 2021. Þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu réttlæt看legt að nota tilteknar aðferðir á 3 punkta kvarða; alltaf (3), stundum (2), aldrei (1). Hér er gerð grein fyrir niðurstöðum í svörum við þeim spurningum sem spurt var um í báðum könnunum og því sambærilegar.

Tölfræðilegur munur á hlutföllum eftir árum var metinn samkvæmt kíkvaðratprófi. Aðhvarfsgreining var notuð á niðurstöðurnar 2021 til að kanna samband milli fylgibreyta og nokkurra mögulegra skýringarþátta, þ.e. kyns, starfsaldurs, eignarhalds fjölmíðils (einkarekinn eða ríkisrekinn) og útbreiðslusvæðis (á landsvísu eða staðbundinn). Sameina þurfti þá sem sögðu stundum og alltaf réttlæt看legt að nota tilteknar aðferðir, þar sem mjög fáir sögðu alltaf. Tvíkosta aðhvarfsgreiningu var beitt til að greina samband við skýribreytur. Í svari við spurningunni um notkun trúnaðargagna úr stjórnsýslu eða viðskiptalífi var dreifingin í flokkana hins vegar þannig að ekki var hægt að sameina flokka og nota tvíkosta greiningu. Forsendur fyrir raðbreytuaðhvarfsgreiningu voru ekki heldur til staðar og svörin við þeirri spurningu því ekki hluti af aðhvarfsgreiningunni.

Tafla 1 sýnir samsetningu þátttakenda árið 2012 og árið 2021. Meðalstarfsaldur þátttakenda var 9,9 ár 2012 en nokkuð hærri árið 2021 eða 11, 6 ár.

Tafla 1. Tíðnitafla fyrir kyn, útbreiðslusvæði og rekstrarform fjölmiðla árið 2012 og 2021

	2012		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Kyn				
Karl	117	65,4%	137	63,7%
Kona	62	34,6%	77	35,8%
Annað			1	0,5%
Útbreiðslusvæði fjölmiðils				
Staðbundinn miðill	32	10,5%	30	10,7%
Landsdekkandi miðill	187	89,5%	251	89,3%
Eignarhald fjölmiðils				
Einkarekinn miðill	158	75,6%	202	71,4%
Ríkisrekinn miðill	51	24,4%	81	28,6%

Niðurstöður

Yfirgnæfandi meirihluti íslenskra blaða- og fréttamanna telur réttlætanlegt að nota aðferðir við upplýsingaöflun sem segja má að felí í sér einhvers konar blekkingu. Eins og sjá má í töflu 2 virðast það almennt viðurkennd vinnubrögð að nota falin upptökutæki, þegar um er að ræða mikilvæga frétt. Átta af hverjum tíu telja það stundum eða alltaf réttlætanlegt og hefur afstaða blaða- og fréttamanna til þess lítið breyst frá 2012 og munurinn ekki marktækur ($\chi^2(2, 4) = 0,288, p = 0,591$). Að villa á sér heimildir er ekki jafn samþykkt, en viðhorf blaða- og fréttamanna hvað það varðar hafa hins vegar breyst og breytingin tölfræðilega marktæk ($\chi^2(2) = 15,68, p < 0,001$). Nú telja nærri 60 prósent það stundum eða alltaf réttlætanlegt en var rúmur þriðjungur árið 2012. Þeim sem telja það aldrei réttlætanlegt hefur að sama skapi fækkað úr 64 prósentum í 41 prósent.

Tafla 2. Hlutfall þeirra sem telja réttlætanlegt að nota falin upptökutæki eða villa á sér heimildir þegar um mikilvæga frétt er að ræða

Ár	Að nota falin upptökutæki		Að villa á sér heimildir*	
	2012	2021	2012	2021
Alltaf %	3	1	0	1
Stundum %	75	79	37	58
Aldrei %	22	20	64	41
n	172	241	172	241

* Marktækur munur á 2012 og 2021

Fjöldmörg dæmi eru um að fjölmiðlar um allan heim hafi notað gögn af ýmsu tagi án þess að eigendur eða höfundar gagnanna hafi gefið leyfi til þess. Það er oft umdeilt og hefur leitt til dómsmála eins og rakið hefur verið. Niðurstöður sýna að afstaða blaða- og fréttamanna ræðst að hluta af því um hvers konar gögn er að ræða. Mikill meirihluti leggur blessun sína yfir að nota trúnaðarskjöl úr við-

skiptalífínu eða stjórnsýslunni í heimildarleysi. Sú afstaða hefur ekki breyst undanfarinn áratug. Í könnuninum 2012 og 2021 telja vel yfir 80% svarenda það alltaf eða stundum réttlætanlegt og ekki marktækur munur milli kannananna ($\chi^2(2) = 2,29, p = 0,318$).

Tafla 3. Hlutfall þeirra sem telja réttlætanlegt að nota trúnaðarskjöl úr viðskiptalífínu eða stjórnsýslunni í heimildarleysi

Ár	Að nota trúnaðarskjöl í heimildarleysi	
	2012	2021
Alltaf %	17	13
Stundum %	66	73
Aldrei %	17	14
n	170	238

Í könnuninni 2021 var einnig spurt hvort blaða- og fréttamenn teldu réttlætanlegt að nota einkagögn, til að mynda skjöl og myndir, án leyfis viðkomandi og gerður greinarmunur á því hvort gögnin tilheyrðu valdamiklu fólki eða venjulegum borgurum. Í könnuninni 2012 var hins vegar aðeins spurt hvort réttlætanlegt væri að nota persónuleg gögn. Kannanirnar eru því ekki samanburðarhæfar að þessu leyti. Eins og sjá má á töflu 4 sögðu sex af hverjum tíu það aldrei réttlætanlegt að nota persónuleg gögn fólks í könnuninni 2012, en tæp 40 prósent töldu það stundum réttlætanlegt. Svarendur gætu hafa haft „valdafólk“ í huga en ómögulegt er að fullyrða nokkuð um það. Niðurstöðurnar 2021 sýna að blaða- og fréttamenn geri skýran greinarmun á valdafólki og venjulegum borgurum í þessu tilliti. Nærri átta af hverjum tíu telja alltaf eða stundum réttlætanlegt að nota einkagögn valdamikils fólks í heimildarleysi, en innan við helmingur að það sama gildi um einkagögn venjulegra borgara.

Tafla 4. Hlutfall þeirra sem telja réttlætanlegt að nota persónuleg gögn fólks (2012), einkagögn valdamikils fólks og venjulegra borgara

Ár	Persónuleg gögn fólks	Einkagögn valdamikils fólks	Einkagögn venjulegra borgara
	2012	2021	
Alltaf %	1	7	2
Stundum %	38	72	46
Aldrei %	61	21	52
n	168	238	233

Viðurkenndara er í dag en fyrir áratug að greiða fyrir trúnaðarupplýsingar (tafla 5). Helmingur blaða- og fréttamanna telur það í lagi 2021 en 36 prósent í fyrri könnun og er munurinn marktækur ($\chi^2(2) = 9,43, p < .01$). Hins vegar telur meirihluti svarenda það ekki viðunandi vinnubrögð að birta fréttir með upplýsingum sem ekki hafa verið staðfestar og niðurstöðurnar sýna að ekki er marktækur munur á afstöðu blaða- og fréttamanna í könnuninum tveimur ($\chi^2(2) = 0,95, p = .330$). Í könnuninni 2012 sögðu 62% það aldrei réttlætanlegt og 38% stundum réttlætanlegt og 2021 var hlutfallið 57% (aldrei) og 43% (stundum). Tæp 2% töldu það stundum eða alltaf réttlætanlegt að þiggja peninga frá heimildarmönnum sínum eða viðmælendum árið 2012, en áratug síðar segja 3% svarenda það stundum réttlætanlegt. Ekki var hægt að gera marktektarpróf þar sem of fáir segja stundum eða alltaf í báðum könnunum.

Tafla 5. Hlutfall þeirra sem telja réttlæt看legt að borga fólki fyrir trúnaðarupplýsingar, birta fréttir með óstaðfestum upplýsingum og þiggja peninga frá heimildarmönnum

Ár	Að borga fólki fyrir trúnaðarupplýsingar *		Að birta fréttir með upplýsingum sem enn hafa ekki verið staðfestar		Þiggja peninga frá heimildarmönnum	
	2012	2021	2012	2021	2012	2021
Alltaf %	3	2	0,6	0,4	0,6	0
Stundum %	33	48	38	43	0,6	2,9
Aldrei %	64	50	62	57	99	97
n	168	234	168	240	179	245

* Marktækur munur á 2012 og 2021

Niðurstöður aðhvarfsgreiningar

Ýmsir þættir geta haft áhrif á afstöðu blaða- og fréttamanna til umdeilda vinnubragða við upplýsingaöflun, eins og rætt var hér að framan. Gerð var tvíkosta aðhvarfsgreining á gögnunum 2021 til að kanna möguleg tengsl milli kyns, starfsaldurs og þess á hvers konar miðli viðkomandi starfar á (landsbyggðarmiðli eða miðli sem kemur út á landsvísu; einkareknum eða ríkisreknum) og afstöðu fréttafólks til umdeilda aðferða.

Tafla 6. Tvíkosta aðhvarfsgreining: Áhrif kyns, starfsaldurs, eignarhalds og útbreiðslusvæðis fjölmiðils á afstöðublaða- og fréttamanna til umdeilda vinnubragða (1=aldrei réttlæt看legt)

Frumbreytur	Að nota falin upptökutæki	Að villa á sér heimildir	Að nota einkagögn valdamikils fólks án heimildar þess	Að nota einkagögn venjulegra borgara án heimildar þeirra	Að borga fólki fyrir trúnaðarupplýsingar	Að birta fréttir með upplýsingum sem enn hafa ekki verið staðfestar
	OR					
Starfsaldur	1,036*	1,01	1,041*	1,037**	1,037**	1,039**
Rekstrarform (1=einkarekinn fjölmiðill)	24,08***	3,311**	3,025*	2,785**	1,144	0,645
Útbreiðsla (1=staðbundinn fjölmiðill)	1,254	2,169	3,55**	2,735	1,385	0,813
Kyn (1=kona)	2,181	1,054	2,064	2,406**	1,905*	2,464**
Intercept	0,006***	1,264***	0,029	0,181***	0,395*	0,737
Deviance	163	249	170	247	265	261
AIC	173	259	180	257	275	271
McFadden's R ²	0,143	0,067	0,101	0,087	0,038	0,061
* p<,05						
** p<,01						
*** p<,001						

Í ljós kom (tafla 6) að reyndari blaða- og fréttamenn eru síður samþykkir því að nota slíkar aðferðir, að teknu tilliti til annarra skýringarþátta. Þannig má sjá í töflu 6 að fyrir hvert ár sem starfsaldur

hækkar, aukast líkurnar á að blaða- og fréttamenn telji það aldrei réttlæt看legt að nota falin upptökutæki, einkagögn fólks í heimildarleysi, að borga fyrir trúnaðarupplýsingar eða birta óstaðfestar upplýsingar um 3,6 – 4,1%. Langsterkasti áhrifaþátturinn er hins vegar eignarhaldið. Blaða- og fréttamenn á einkareknum fjölmiðlum eru mun líklegri en félagar þeirra á Ríkisútvarpinu til að segja það aldrei réttlæt看legt að nota blekkingar eða friðhelgisinngríp til að afla upplýsinga, að teknu tilliti til annarra skýringarþátta. Munurinn á afstöðu til þess að greiða fyrir trúnaðarupplýsingar eða birta frétt með óstaðfestum upplýsingum er hins vegar ekki marktækur.

Niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar benda ekki til þess að mikill munur sé á afstöðu landsbyggðarfréttamanna og starfsfélaga þeirra á miðlum á landsvísu til umdeilda vinnubragða. Bláða- og fréttamenn á landsbyggðarmiðlum eru þó líklegri til þess að telja aldrei réttlæt看legt að nota einkagögn valdafólks án heimildar þess, að teknu tilliti til annarra breyta.

Ekki er marktækur munur á afstöðu karla og kvenna þegar kemur að aðferðum við upplýsingaöflun, sem tengdar eru rannsóknarblaðamennsku, eins og þess að nota falin upptökutæki, villa á sér heimildir eða nota einkagögn valdafólks. Hins vegar eru konur líklegri en karlkyns félagar þeirra til að segja það aldrei réttlæt看legt að nota einkagögn venjulegra borgara, borga fyrir eða birta óstaðfestar upplýsingar.

Umræða

Í þessari grein var greind afstaða blaða- og fréttamanna hér á landi til svokallaðra umdeilda eða óhefðbundinna vinnubragða. Þá var skoðað hvort afstaða þeirra hefði breyst frá því það var síðast kannað fyrir um áratug. Einnig var kannað hvort afstaðan réðist að einhverju leyti af kyni, starfsaldri, eða hjá hvers konar fjölmiðli fréttafólk starfar.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að vinnubrögð sem fela í sér blekkingu og friðhelgisinngríp njóti mikils og víðtæks stuðnings íslenskra blaða- og fréttamanna (R1). Einnig eru vísbendingar um að stuðningur við umdeild vinnubrögð sé meiri nú en þegar það var síðast kannað 2012 (R2). Átta af hverjum tíu telja að þegar um mikilvæga frétt sé að ræða sé stundum eða alltaf réttlæt看legt að nota falin upptökutæki. Það er svipað hlutfall og í könnuninni 2012, en hins vegar hefur orðið marktæk fjölgun þeirra sem segja stundum eða alltaf réttlæt看legt að villa á sér heimildir. Hlutfallið var 37% (stundum/alltaf réttlæt看legt) árið 2012, en er nú um 60%. Mikill meirihluti telur einnig að réttlæt看legt sé að nota trúnaðarskjöl úr viðskiptalífi eða stjórnsýslu án heimildar, eða hátt í 90%. Hlutfallið er aðeins hærra 2021 en 2012 (83%) en breytingin er ekki tölfræðilega marktæk. Margir blaða- og fréttamenn telja einnig réttlæt看legt að nota einkagögn fólks í heimildarleysi ef frétt er mikilvæg, en gera þurfi skýran greinarmun á valdafólki og venjulegum borgurum. Nærri átta af hverjum tíu telja alltaf eða stundum réttlæt看legt að nota einkagögn valdamikils fólks í heimildarleysi, en innan við helmingur að það sama gildi um einkagögn venjulegra borgara. Athygli vekur einnig að hlutfallslega fleiri telja það réttlæt看legt að borga fyrir trúnaðarupplýsingar nú en áður, en það hefur ekki verið viðtekin venja í íslenskum fjölmiðlum (Friðrik Þór Guðmundsson, 2014). Helmingur blaða- og fréttamanna telur það í lagi 2021 en rúmur þriðjungur í fyrri könnun. Einhugur virðist ríkja meðal blaða- og fréttamanna um að það sé aldrei réttlæt看legt að þiggja peninga frá heimildarmönnum sínum. Hlutfallslega eru heldur fleiri sem segja 2021 að stundum sé réttlæt看legt að birta óstaðfestar upplýsingar en voru þeirra skoðunar 2012. Breytingin er ekki marktæk en athygli vekur að niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar benda til þess að sú afstaða sé algengari meðal yngri blaða- og fréttamanna en þeirra eldri. Möguleg skýring gæti verið sú að þar gæti áhrifa veffréttamennsku þar sem hraðinn er meiri og oftar verið að fylgjast með og greina frá atburðum í rauntíma, en allajafna á prent- og ljósvakamiðlum (Porlezza, 2019). Áhugavert væri að kanna það nánar.

Óhætt er að segja að þegar að umdeildum vinnubrögðum kemur svipar íslenskum blaða- og fréttamönnum um flest til félaga sinna í vestrænum lýðræðisríkjum þar sem áhersla er lögð á aðhaldshlutverk fjölmiðla og rannsóknarblaðamennska er í hávegum höfð (Ramaprasad o.fl. 2019). Það er ekki umdeilt innan fagsins að þegar um mikilvæga frétt er að ræða geti verið rétt að nota

ágengar aðferðir, sem annars gætu verið brot á siðareglum og jafnvel lögum. Ramaprasad og félagar (2019) benda á að þessi vinnubrögð séu fyrst og fremst umdeild meðal valdhafa, þeirra sem verða gjarnan viðfang vinnubragða af ofangreindu tagi. Dómstólar hafa viðurkennt að fjölmiðlar hafi sérstöku hlutverki að gegna og þurfi rýmra tjáningarfrelsi en aðrir til að rækja þetta hlutverk sitt. Í því hefur meðal annars falist að þeim hefur verið veitt svigrúm til þess að blekkja, nota trúnaðargögn og ganga gegn friðhelgi fólks. Siðanefnd Blaðamannafélagsins hefur einnig lagt blessun sína yfir slík vinnubrögð og félagið verðlaunað umfjallanir þar sem þeim hefur verið beitt (Rök dómnefndar Blaðamannaverðlauna, 2007; Ráðhúsið: Blaðamannaverðlaunin afhent, 2017). Nýjar siðareglur BÍ eru, að mati höfundu, ef eitthvað er líklegar til að styðja við þau viðhorf með aukinni áherslu á almannahagsmuni, aðgengi að upplýsingum og aðhaldshlutverkið. Svigrúmið er þó fjarri því fortakslaust og dómstólar og siðanefnd hafa dregið mörkin við það hvort umfjöllunin hafi átt erindi við almenning og ekki verið hægt að afla upplýsinganna með öðrum hætti. Það sést vel til að mynda í dómum Hæstaréttar í málum sem vörðuðu tölvupósta Jónínu Benediksdóttur (Jónína Benediksdóttir g. 365-prentmiðlum ehf. og Kára Jónassyni, 2005). Það virðist því nokkuð ljóst hvar mörkin liggja, það er hvort almannahagsmunir, réttur almennings til upplýsinga vegi þyngra en réttur hluta-eigandi til friðhelgi, eða gegn blekkingu. Dómar og siðanefndarúrskurðir sýna að stundum hefur vel tekist til við að vega og meta gildi upplýsinga fyrir almenning, þar sem umdeildum vinnubrögðum er beitt, en stundum ekki. Rök fyrir blekkingum eða notkun trúnaðar- og einkagagna í fréttum þurfa að vega þyngra en rökin gegn því að beita slíkum aðferðum. Að öðrum kosti geta fjölmiðlar misst trúverðugleika sinn og traust lesenda (Day, 2006).

Það felst í því áhætta að blekkja – og að nota skjöl án heimildar, eins og tíðar málshöfðanir sýna. Erlendar rannsóknir hafa bent til þess að stuðningur við slík vinnubrögð sé alla jafna meiri hjá stærri og fjárhagslega sterkari fjölmiðlum sem hafa frekar burði til að takast á við mögulegar afleiðingar. Niðurstöður okkar styðja það, því þær benda til þess að stuðningur við þær sé meiri meðal blaða- og fréttamanna á RÚV, en á einkareknum fjölmiðlum.

Rannsókn þessari eru takmörk sett. Hún segir okkur hvaða vinnubrögðum blaða- og fréttamenn telja réttlætianlegt að beita til að afla upplýsinga fyrir mikilvæga frétt, en ekki hvernig þeir afla upplýsinga í raun eða í hvaða mæli umdeildum vinnubrögðum er beitt. Rannsóknir hafa sýnt að oft er talsverð gjá milli þess sem blaða- og fréttamenn segjast vilja gera og þess sem þeir gera í raun (Hanusch & Hanitzsch, 2017, bls 526) og áhugavert væri að kanna nánar tengslin milli viðhorfa og raunverulegra vinnubragða. Rannsóknir hafa hins vegar einnig sýnt að það eru tengsl milli viðhorfa og vinnubragða og greinin mikilvægt framlag til þekkingar á viðhorfum íslenskra blaða- og fréttamanna.

Aftanmálgrein

Rannsóknin var styrkt af Rannís (nr. 207250).

Heimildaskrá

- Aalberg, T., & Curran, J. (2012). *How media inform democracy: A comparative approach* (Vol. 1). Routledge.
- Benjamín Þór Þorgrímsson g. Jóhannesi Kristjáni Kristjánssyni, Kristni Hrafnssyni og 365 miðlum. Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-12027/2008, <https://www.heradsdomstolar.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=a2e74f02-055d-4c68-b180-c8d7f9ee4868>
- Birgir Guðmundsson (2012). Staðbundin fjölmiðlum sem upplýsingakerfi lýðræðis. Í Gunnar Helgi Kristinsson, Margrét S. Björnsdóttir og Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir (ritstj.), *Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum* (bls. 42-45). Samband íslenskra sveitarfélaga, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands.
- Birgir Guðmundsson. (2013). Pólitísk markaðsfjölmiðlum. *Stjórnsmál og stjórnsýsla*, 9(2), 509-530. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2013.9.2.13>
- Birgir Guðmundsson. (2018). Breytingar á blaðamannastétt: Og meirihlutinn sér fyrir sér blaðamennsku sem langtíma-starf. *Blaðamaðurinn*, 40 (2), 6-8. https://www.press.is/static/files/bladamadurinn/bladamadur_nov_18.pdf
- Birgir Guðmundsson og Sigurður Kristinsson. (2019). Journalistic professionalism in Iceland: A framework for analysis and an assessment. *Journalism*, 20 (12), 1684-1703. <https://doi.org/10.1177/1464884917695416>
- Blaðamannafélag Íslands. (e.d.). *Siðareglur*. Press.is. <https://www.press.is/is/faglegt/sidavefur/sidareglur-bi>

- Day, L. A. (2006). *Ethics in Media Communications*. Belmont, CA: Thomson – Wadsworth.
- Erla Hlynsdóttir. (2008, 17. desember). Ekkert húsbrot á Grund. *DV*, bls. 3. <https://timarit.is/page/6449698#page/n2/mode/2up>
- Friðrik Þór Guðmundsson. (2014). Siðferðilegur sveigjanleiki íslenskra blaða- og fréttamanna. Í Helga Ólafs og Thamar M. Heijstra (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum XV*. https://skemman.is/bitstream/1946/19966/3/Si%3%b0fer%3%b0ilegur%20sveigjanleiki_F%3%a9lags-%20og%20mannv%3%adsindadeild.pdf
- Fidalgo, J., Thomass, B., Ruggiero, C., Bomba, M., Sallusti, S., & von Krogh, T. (2022). Ethical codes of conduct in journalism: Demands for a digitalising mediascape. Í J. Trappel & T. Tomaz (ritstj.), *Success and Failure in News Media Performance: Comparative Analysis in The Media for Democracy Monitor 2021*. Nordicom. <https://doi.org/10.48335/9789188855589-10>
- Garðar Örn Úlfarsson g. Ásbirni K. Morthens og Ásbjörn K. Morthens gegn Garðari Erni Úlfarssyni og 365 prentmiðlum ehf. Hæstiréttur Íslands í máli nr 278/2006. <https://www.haestirettur.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=e54b6715-21e7-4338-865e-6f3258ec5bdc>
- Glitnir HoldCo ehf. g. Útgáfufélaginu Stundinni ehf. og Reykjavík Media ehf. Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. E-3434/2017. <https://www.heradsdomstolar.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=ff-9fea90-4ecc-446a-8a93-48c6205c5ed6>
- Hagstofa Íslands. (7. desember 2022). Fast að helmingur auglýsingafjár til útlanda. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafin/menning/auglysingartekjur-2021/>
- Hagstofa Íslands (e.d). Félög fjölmiðlafólks og auglýsingahönnuða 1980-2018. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_midlun_1_Fjolmidlar_felog/MEN12101.px
- Hanitzsch, T., Hanusch, F., Ramaprasad, J., & De Beer, A. S. (2019). *Worlds of journalism: Journalistic cultures around the globe*. Columbia University Press.
- Hanusch, F., & Hanitzsch, T. (2017). Comparing Journalistic Cultures Across Nations. *Journalism Studies*, 18(5), 525-535. <https://doi.org/10.1080/1461670X.2017.1280229>
- Hollings, J., Hanitzsch, T., & Balasubramanian, R. (2019). Risky Choices? *Journalism Studies*, 20(1), 22-39. <https://doi.org/10.1080/1461670X.2017.1353431>
- International Federation of Journalists. (e.d). *IFJ Global Charter of Ethics for Journalists*. <https://www.ifj.org/who/rules-and-policy/global-charter-of-ethics-for-journalists.html>
- Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason gegn A. Hæstiréttur Íslands í máli nr. 37/2007. <https://www.haestirettur.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=bceb218c-adc1-4e1c-b1ef-529c6dae786d>
- Jónína Benediktsdóttir g. 365 prentmiðlum ehf. og Kára Jónassyni. Hæstiréttur Íslands í máli nr. 541/2005. <https://www.haestirettur.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=884eeb64-3c32-4790-a7a3-673c0dff0981>
- Kaupþing fellur frá lögbannskröfu. (2009, 4. ágúst). Visir.is <https://www.visir.is/g/20091725483d>.
- Lauerer, C., og Hanitzsch, T. (2019). Surveying Journalists Around the World. A Methodological Framework. Í T. Hanitzsch, Hanusch, R. F., J., & A. S. de Beer (ritstj.), *Worlds of Journalism: Journalistic Cultures Around the Globe* Columbia University Press.
- Lög um fjölmiðla nr. 38. (2011). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011038.html>
- Lög um fjarskipti nr. 70. (2022). <https://www.althingi.is/altext/stjt/2022.070.html>
- Ohlsson, J., & Facht, U. (2017). *Ad Wars. Digital Challenges for Ad-Financed News Media in the Nordic Countries*. Nordicom.
- Persónuvernd. (2020). Álit um persónuvernd og tjáningarfrelsi fjölmiðla í máli nr. 2020082249 þann 5. október 2020. <https://www.personuvernd.is/urlausnir/alit-personuvernd-og-tjainingarfrelsi-fjolmidla>
- Porlezza, C. (2019). Accuracy in Journalism. In: *Oxford Research. Encyclopedia of Communication*. <https://doi.org/10.1093/acrefore/9780190228613.013.773>
- Proffess, D., & McCombs, M. E. (Eds.). (2016). *Agenda Setting: Readings on Media, Public Opinion, and Policymaking* (1st ed.). Routledge. <https://doi.org/https://doi.org/10.4324/9781315538389> (1991).
- Ramaprasad, J., Hanitzsch, T., Lauk, E., Harrio-Loite, H., Hovden, J. F., Väliverronen, J., & Craft, S. (2019). Ethical Considerations: Journalists' Preceptions of Professional Practice In T. Hanitzsch, F. Hanusch, J. Ramaprasad, & A. S. de Beer (Eds.), *Worlds of Journalism: Journalistic Cultures Around the Globe*. Columbia University Press
- Ráðhúsið: Blaðamannaverðlaun afhent. (2017, 4. mars). Press.is. <https://www.press.is/is/um-felagid/utgefifid-efni/frettir/bladamannaverdlaun-radhus>
- Ritstjórnarreglur Torgs. (2022). Skjal sent höfundum samkvæmt beiðni í tölvupósti 18. mars 2020.
- Ritstjórnarstefna fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar. (e.d). *Sýn.is* https://assets.ctfassets.net/4kw8pg8v5f46/45B-VgvP0ZqKSeYOocWsgIS/d3942c0f1d9ed23481e88485112546e3/Ritstj_rnarstefna_fr_ttastofu_St_var_2_V_sis_og_Bylgjunnar.pdf
- Rök dómnefndar Blaðamannaverðlauna 2006. (2007, mars). *Blaðamaðurinn* 29 (2), 7. https://www.press.is/static/files/bladamadurinn/bladamadurinn_mars-07.pdf
- Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands. (1976). Úrskurður í máli 2/1975. *Blaðamannafélag Íslands*. Afrit af úrskurðinum fengið hjá BÍ.
- Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands. (1985). Úrskurður í máli 5.1/1985. Afrit af úrskurðinum fengið hjá BÍ.
- Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands. (2003). Úrskurður í máli 1-2/2003-2004. *Blaðamannafélag Íslands*. <https://www.press.is/is/faglegt/sidavefur/urskurdir-sidanefndar/mal-nr-1-22003-2004>

- Síðanefnd Blaðamannafélags Íslands. (2016). Úrskurður í máli 2/2015-2016. *Blaðamannafélag Íslands*. <https://www.press.is/is/faglegt/sidavefur/urskurdir-sidanefndar/mal-2-2015-2016>
- Síðanefnd Blaðamannafélags Íslands. (2018). Úrskurður í máli 4/2017-2018. *Blaðamannafélag Íslands*. <https://www.press.is/is/faglegt/sidavefur/urskurdir-sidanefndar/mal-4-2017-2018>
- Síðanefnd Blaðamannafélags Íslands. (2020). Úrskurður í máli 5/19-20. *Blaðamannafélag Íslands*. www.press.is/static/files/Malsurskurdir/urskurdur-mal-nr.-5-2019-2020.pdf.
- Síðareglunefndin sýknar blaðamenn. (1985, 18. desember). *NT*, bls.4. <https://timarit.is/page/3601503#page/n3/mode/2up>
- Sunna Ósk Logadóttir. (6. júlí, 2018). Lögreglumaðurinn krafðist 1,5 milljóna króna af Stundinni. *Mbl.is*. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/07/06/krafdist_1_5_milljona_af_stundinni?ref=fpimestlesid
- Valgerður Jóhannsdóttir. (2021). News consumption patterns in Iceland. *Nordicom Review*, 42(S2), bls. 87-101. <https://doi.org/doi:10.2478/nor-2021-0019>
- Valgerður Jóhannsdóttir, Jón Gunnar Ólafsson og Friðrik Þór Guðmundsson. (2021). Iceland: A small media system facing increasing challenges. Í J. Trappel & T. Tomaz (ritstj.), *The Media for Democracy Monitor 2021: How leading news media survive digital transformation* (Vol. 2, pp. 275-314). Nordicom. <https://doi.org/10.48335/9789188855428>
- Valgerður Jóhannsdóttir. (2020). Commercialization in the Icelandic Press: An analysis of hard and soft news in major print and online media in Iceland in times of change. *Journalism*, 21(11), bls. 1762–1778. <https://doi.org/10.1177/1464884918768494>
- Valgerður Jóhannsdóttir og Jón Gunnar Ólafsson. (2018). The Icelandic news media in times of crisis and change. *Icelandic Review of Politics & Administration*, 14 (1)(1), bls. 189-210.
- Viðmiðunarreglur um starfshætti ritstjórnar Morgunblaðsins. (2015). Tölvupóstur til höfunda (29. nóvember, 2015).
- Vinnureglur um fréttir og dagskrárefni tengt þeim í Ríkisútvarpinu (RÚV). [ruv.is. https://www.ruv.is/sites/default/files/vinnureglur_um_frettir_og_dagskrarefni_tengt_theim.pdf?fbclid=IwARI1AeoYC3EFNCT6Wr7SpjQNZUN-W0L-j0XfLbA5Uw8VaUVZXo9467WUzZ_10](https://www.ruv.is/sites/default/files/vinnureglur_um_frettir_og_dagskrarefni_tengt_theim.pdf?fbclid=IwARI1AeoYC3EFNCT6Wr7SpjQNZUN-W0L-j0XfLbA5Uw8VaUVZXo9467WUzZ_10)
- Worlds of Journalism Study. (e.d.). *Worlds of Journalism*. <https://worldsofjournalism.org/wjs3-2021-2023/>

Um höfunda

FRÍÐRIK ÞÓR GUÐMUNDSSON (fridgud@hi.is) er sjálfstætt starfandi fræðimaður og stundakennari við Háskóla Íslands. Hann lauk meistaraáráðu í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands árið 2006.

VALGERÐUR JÓHANNSDÓTTIR (vaj@hi.is) er lektor í blaða- og fréttamennsku við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í fjölmiðlafræði við Hróarskelduháskóla í Danmörku árið 2019.